

Alþingi
Erindi nr. P 135/2953
komudagur 23.5.2008

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar, mál ~~631~~613.

Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð ses. hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um sjúkratryggingar mál ~~613~~ 613. Viljum við gagnrýna þann skamma frest sem fékkst til að senda inn umsagnir vegna svo viðamikils máls.

Stjórn Sjónarhóls fagnar tilkomu frumvarpsins en gerir eftirfarandi athugasemdir:

Sjónarhóll tekur undir þær ábendingar sem m.a. Öryrkjabandalag Íslands hefur komið á framfæri að tryggt verði að réttindi sjúkra verði á engan hátt skert hvað varðar ákvæði stjórnsýslulaga þó Sjúkratryggingastofnun semji við aðra en opinbera þjónustuaðila um framkvæmd þjónustunnar.

Sjónarhóll tekur undir með Landssamtökunum Þroskahjálp að æskilegt sé að sjúkratryggingar nái til þjónustu sálfræðinga. Sálfræðimeðferð verður að teljast eðlilegur og nauðsynlegur hluti heilbrigðisþjónustu sem dregur úr kostnaði við aðra þætti þjónustunnar eins og lyfjakostnað.

Einnig tekur Sjónarhóll undir með Landssamtökunum Þroskahjálp um að breytingar verði gerðar á 31. grein frumvarpsins um dvalarkostnað þannig að ekki verði einvörðungu miðað við aldur sjúklings (18 ár) heldur þörf hans fyrir að njóta aðstoðar og stuðnings foreldra sinna eða annarra nákominna. Margt fólk, t.d. fólk með þroskahömlun, sem náð hefur 18 ára aldri þarfnast slíkrar aðstoðar. Einnig teljum við réttlætismál að greininni verði breytt í þá veru að heimild til að greiða kostnað vegna beggja foreldra verði rýmkuð umfram „lífshættulega sjúkdóma.“ Gera má ráð fyrir að hluti þeirra barna sem þarfnast sjúkrahúsvistar fjarri heimili sínu hafi þörf fyrir umönnun beggja foreldra sinna þó sjúkleiki þeirra sé ekki lífshættulegur. Þetta á ekki síst við um langveik og fötluð börn. Í þessu sambandi má benda á að í dag er foreldrum ætlað umtalsvert hlutverk varðandi sjúkrahúsvistanir barna sinna. Lagt er til að að í báðum tilvikum verði mat sérfræðings lagt til grundvallar.

F. h. Sjónarhóls – ráðgjafarmiðstöðvar

Áslaug Jónsdóttir, stjórnarformaður
Guðríður Hlíf Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri